

## Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

Við frumvarpið bætist ný grein, 4. gr., svohljóðandi:

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Greiðslur þeirra, sem þiggja elli- eða örorkulífeyri eða örorkustyrk frá Tryggingastofnun ríkisins, til viðbótarlífeyrissparnaðar að hámarki 4% af heildarlífeyris- eða styrkgreiðslum vegna greiðslna sem greiddar eru til lífeyrissjóða eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum lið er að greitt sé reglulega í viðbótarlífeyrissparnað.